

**From:** Jóna Björk Guðnadóttir [mailto:jona@sff.is]  
**Sent:** 4. desember 2009 15:30  
**To:** Eiríkur Áki Eggertsson  
**Subject:** 239. mál bandormur stimpilgjöld

*Alþingi  
Erindi nr. P 138/498  
komudagur 4.12.2009*

Sæll Eiríkur,  
SFF munu ekki vera með sjálfstæða skriflega umsögn um skattafrumvörpin til efnahags- og skattanefndar. SA munu skila umsögn en SFF eru aðilar að þeim.

Ég vil þó að koma á framfæri einni ábendingu vegna 239. máls, nánar tiltekið um breytingar á stimpilgjaldalögum (10., 11. og 12. gr. ). Þar sem framlengt er bráðabirgðaákvæði vegna skilmálabreytinga fasteignaveðlána og jafnramt sett inn sambærilegt ákvæði vegna skilmálabreytinga bílalána.

SFF fagna þessum ákvæðum mjög þar sem nú eru fjöldamörg heimili í fjárhagserfiðleikum og þurfa á að halda sértækri skuldaðlögum eða öðrum greiðsluferfiðleikaúrræðum. SFF telja þó að tímaramminn í þessum ákvæðum sé helst til þröngur. Sértæk skuldaðlögum var kynnt til sögunnar í lok október og hefur farið nokkuð hægar af stað en vonir stóðu til. Gróft mat SFF er að um 4000 einstaklingar muni geta nýtt sér þetta úrræði og er ólíklegt að öll mál verði kominn í gegn á miðju næsta ári. Því telja samtökin farsælast fyrir fólk í greiðsluferfiðleikum að bráðabirgðaákvæðin gildi til loka árs 2010. Þá benda samtökin á að jafnræði skuldara væri betur tryggt ef bráðabirgðaákvæði um bílalan (12. gr.) gildi frá 1. nóvember s.l. í stað 1. desember þar sem að einstakir bankar hafa boðið upp á höfuðsstólsleiðréttingar erlendra bílalána frá þeim tíma auk þess sem sértæk skuldaðlögum tók gildi á sama tíma.

Fulltrúar SFF munu að sjálfsögðu mæta á fund nefndarinnar þegar eftir því verður kallað til að ræða skattafrumvörpin.

Bestu kveðjur / Best Regards,

**Jóna Björk Guðnadóttir**

Héraðsdómslögmaður / Attorney at Law  
Sími / Tel: (+354) 591 0400  
Farsími / Mobile: (+354) 691 4630  
Netfang / e-mail: [jona@sff.is](mailto:jona@sff.is)  
[www.sff.is](http://www.sff.is)

**SFF** SAMTÖK FÍRMALA FYRIRTÆKJA  
Icelandic Financial Services Association